

Ákvörðun nr. 25/2022
Miðvikudagur, 19. október 2022

Kaup Archer Norge AS og Kaldbaks ehf. á Jarðborunum hf.

1. Þann 10. ágúst 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaðan samruna Archer Norge AS (hér eftir „Archer Norge“), Kaldbaks ehf. (hér eftir „Kaldbakur“) og Jarðborana hf. (hér eftir „Jarðboranir“) með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka I við reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum.
2. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. ágúst 2022, var samrunaaðilum tilkynnt um það mat eftirlitsins að samrunatilkynningin væri ófullnægjandi varðandi tiltekin atriði, sbr. 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur um tilkynningu samruna nr. 1390/2020. Hefðu því lögbundnir frestir til rannsóknar á áhrifum samrunans því ekki byrjað að líða, sbr. 17. gr. d samkeppnislaga.
3. Þann 15. september 2022 barst Samkeppniseftirlitinu ný samrunatilkynning þar sem samrunaaðilar veittu nánari upplýsingar og skýringar á þeim atriðum sem gerðar höfðu verið athugasemdir við af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Samrunaskráin taldist fullnægjandi við afhendingu framangreinds bréfs og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða þann 16. september 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið fyrst og fremst til upplýsinga í samrunaskrá og átti samtöl við hagsmunaaðila.
4. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram um starfsemi samrunaaðila:
 - a) Meginstarfsemi Jarðborana er að eiga og reka jarðbora og hvers kyns tæki og áhöld sem nauðsynleg eru til að stunda jarðboranir. Félagið starfar að mestu við framkvæmdir tengdar nýtingu auðlinda í jörðu til framleiðslu á endurnýjanlegri orku, einkum í jarðhita- og kjarnaborunum. Einnig starfar félagið við jarðboranir vegna vatnstöku hvort sem er kalt eða heitt vatn. Á Íslandi hefur félagið starfað fyrir stærstu orkufyrirtæki landsins, s.s. Landsvirkjun, HS Orku hf. og Orku Náttúrunnar ohf. Umsvif félagsins á erlendri grundu hafa sömuleiðis verið töluverð.
 - b) Archer Norge er norskt félag sem þjónustar olíu og gasiðnaðinn í Noregi og felst starfsemi þess nánast að öllu leyti í verkefnum fyrir borpalla (e. Platform drilling) undan ströndum Noregs. Móðurfélag þess, Archer Ltd., er með starfsemi um allan heim en meginstarfsemi þess fer fram í Noregi, Suður-Ameríku og Bretlandseyjum. Þannig er samstæðan með 50% markaðshlutdeild í borpallaborunum í Noregi og 30% markaðshlutdeild í landborunum í Argentínu. Samstæðan er ekki með neina starfsemi á Íslandi og starfar ekki að borverkefnum í tengslum við jarðhita. Þá ber þess að geta að borpallaborar geta ekki nýst í jarðhitaverkefnum. Engar landboranir eru á vegum samstæðunnar í Bretlandi eða í Noregi þar sem allar landboranir á vegum samstæðunnar fara fram í Argentínu. Jarðborar á vegum fyrirtækisins eru jafnframt staðsettir í Bólivíu en þar fer engin starfsemi fram í dag.



- c) Kaldbakur er fjárfestingarfélag, sem er í 100% eigu Samherja hf. (hér eftir „Samherji“) Enginn rekstur er í Kaldbaki en félagið á eftirfarandi tvö dótturfélög, Ice Tech ehf. sem er fjárfestingarfélag og svo Kattarnef ehf. sem er eignarhaldsfélag. Kaldbakur fer í dag með 43,8% hlut í SF III slhf. sem er stærsti hluthafinn í Jarðborunum ehf. með 81,83% hlut. Auk þess á félagið 21% hlut í Kælismiðjunni Frost ehf., 15% hlut í Eignarhaldsfélaginu Snæfugl ehf., 33,4% hlut í N. Hansen ehf., 33,3% hlut í REM Offshore Holding AS og 20% hlut í REM Wind AS.
- d) Samherji er alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki, með heimilisfesti á Akureyri og fer félagið með yfirráð yfir fjölda dótturfélaga. Hvorki Samherji, dótturfélög þess eða hlutdeildarfélag starfa á sama markaði og Jarðboranir.
5. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar starfi ekki á sömu mörkuðum og að engin skörun sé á starfsemi félaganna. Með samrunanum auki því enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína eða styrki hana, engin breyting verði á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og sé samþjöppun engin. Þá liggi fyrir að samrunaaðilar eigi ekki eignarhluti eða aðra fjárhagslega hagsmuni í keppinautum hvors annars. Af því leiði að engin samkeppnisleg áhrif verði vegna samrunans.
6. Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um stöðu Jarðborana á markaði, sbr. ákvarðanir nr. 29/2008, *Kaup Geysis Green Energy á Jarðborunum*, nr. 30/2009, *Samruni Geysis Green Energy og HS Orku*, nr. 1/2010, *Samruni Íslandsbanka og Geysis Green Energy* og nr. 8/2012, *Kaup SF III slhf. á hlutum í Jarðborunum hf.* Kom þar fram að Jarðboranir væru í mjög sterkri stöðu á markaðnum fyrir jarðboranir á Íslandi.
7. Við meðferð málsins átti Samkeppniseftirlitið samtöl við nokkra af helstu hagaðilum málsins, m.a. viðskiptavini Jarðborana sem almennt gerðu ekki athugasemdir við samrunann. Þá er af framangreindum upplýsingum ljóst að engin breyting verður á fjölda keppinauta á mörkuðum og engin samþjöppun leiðir af samrunanum eða önnur umtalsverð röskum svo stofnunin fái séð af gögnum málsins, sem gefi tilefni til frekari rannsóknar eða mögulegrar íhlutunar.
8. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð

„Kaup Archer Norge AS og Kaldbaks ehf. á öllum hlutum í Jarðborunum hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson